

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR EES

Rafrænn kynningarfundur - Þátttaka á nýju sjóðstímabili

17. apríl 2026 kl. 9:00-10:00



# Dagskrá

- **09:00-09:15 Kynning frá FMO í Brussel**  
Borgar Þór Einarsson, varaframkvæmdastjóri FMO í Brussel.  
Kynning á Uppbyggingarsjóði EES og staðan á nýrri sjóðsáætlun
- **09:15-09:45 Hlutverk Rannís sem áætlunarsamstarfsaðila og tækifærin framundan**
- **09:45-10:00 Spurningar og svör**  
Opið fyrir fyrirspurnir frá þátttakendum

*Við hvetjum fólk til að skrifa inn spurningar í TEAMS fundarspjallið á meðan kynningum stendur*

ATH: FUNDURINN ER TEKINN UPP OG BIRTUR Á VEFSVÆÐI RANNÍS



# Uppbyggingarsjóður EES

Borgar Þór Einarsson  
Vara framkvæmdarstjóri

17.04.2026

# Uppbyggingarsjóður EES



**Framlag Íslands, Liechtenstein og Noregs** til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES og stuðla að eflingu viðskipta- og efnahagstengsla við viðtökuríki sjóðsins.



# EES samningurinn

Bókun 38d

Ísland, Liechtenstein og Noregur ("EFTA ríkin") skuldbinda sig til að:

- 1) Draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan Evrópska efnahagssvæðisins
- 2) Stuðla að eflingu viðskipta- og efnahagstengsla við viðtökuríki sjóðsins með fjárframlögum til þeirra.




Ambassador of Liechtenstein, Pascal Schafhauser, Norway's Ambassador to the EU, Anders H. Eide, Deputy Secretary-General John Watson from the EU and Iceland's Ambassador, Kristján Andri Stefánsson, signing the agreement for the new EEA and Norway Grants funding period. Photo: EEA and Norway Grants




# 15 Viðtökuríki sjóðsins

Sjóðurinn er aðgengilegur þeim þjóðum sem eru blá á kortinu.




# Styrktartímabil





# Úthlutun eftir löndum

Styrktartímabilið 2021-2028



# Frá gjafa ríkjum til verkefna



# Staðan núna

- Samstarfssamningar hafa verið undirritaðir við flest lönd. **Slóvenía, Rúmenía og Ungverjaland eru eftir.**
- Nú stendur yfir **uppbygging áætlana í hverju landi.**
- Löndin auglýsa **sín eigin verkefnaköll**, og sum þeirra eru **opin fyrir íslenska samstarfsaðila.**
- **Styrkja núverandi tengsl, byggja upp ný samstarf og þróa nýjar leiðir til samvinnu.**
- **Um 38% verkefna á síðasta sjóðstímabili höfðu samstarfsaðila frá gjafaríkjum.**
- **Fylgist með og hafið samband við Rannís ef áhugi er fyrir hendi.** Ef mögulegt er, nýtið ykkar tengsl í styrkþegulöndum og kanið samstarfstækifæri innan auglýstra verkefnakalla.

## Partnerships

Applications may be submitted in partnership with eligible entities as described in the call text.

Partnerships with entities from the Donor States (Iceland, Liechtenstein and Norway) are encouraged.



**Takk fyrir!**

# Nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES 2021-2028

- Uppbyggingarsjóður EES skapar tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, stofnanir, frjáls félagasamtök og einstaklinga til að taka þátt í verkefnum með samstarfsaðilum í viðtökuríkjunum.
- Íslensk stjórnvöld leggja í því sambandi áherslu á verkefni á sviði: rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar, orku- og umhverfismála, samfélagslegra umbóta og mannréttindamála, þar með talið jafnréttismála



# Nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES 2021-2028

Markmið og megináherslur:

1. Að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES
2. Stuðla að eflingu tengsla á milli gjafaríkanna: Íslands, Liechtenstein og Noregs við 15 viðtökuríki sjóðsins
- Í framhaldi af því er gengið til samninga við hvert viðtökuríki fyrir sig og þau velja hvaða áætlanir eigi best við sínar þarfir út frá Blábók Uppbyggingarsjóðs EES sem telur 15 mismunandi áætlanasvið Uppbyggingarsjóðsins 2021-2028 en þrjár megináherslur eru þar gegnumgangandi í öllum áætlunum:
  1. Græn umbreyting (green transition)
  2. Lýðræði, réttarríki og mannréttindi
  3. Inngilding og viðnámsþróttur



*Stafræn umbreyting er þverlægt forgangsmatið og jafnrétti kynjanna er kjarnagildi sjóðsins samþætt í öll áætlanasvið*




## EEA Grants and Norway Grants 2021-2028

<b>The EEA and Norway Grants 2021-2028</b> .....	6
<b>Programme areas</b>	
Green Transition .....	10
Green Business and Innovation .....	12
Research and Innovation .....	14
Education and Training .....	16
Culture .....	18
Local Development, Good Governance and Inclusion .....	20
Roma Inclusion and Empowerment .....	22
Public Health .....	24
Disaster Prevention and Preparedness .....	26
Domestic and Gender-Based Violence .....	28
Access to Justice .....	30
Correctional Services .....	32
Serious and Organised Crime .....	34
Asylum, Migration and Integration .....	36
Institutional Cooperation and Capacity Building .....	38
<b>Funds</b>	
Fund for Civil Society .....	42
Fund for Capacity Building and Cooperation with International Partner Organisations and Institutions .....	44
Fund for Social Dialogue and Decent Work (Norway Grants) .....	46

# Nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES 2021-2028

- Samið hefur við Pólland, Eistland, Slóvakíu, Portúgal, Króatíu, Lettland, Tékkland, Kýpur, Búlgaríu, Litháen, Möltu, Grikkland um nýtt sjóðstímabil, en viðræður standa enn yfir við Rúmeníu, Slóveníu, og Ungverjaland.
- Þegar samið hefur við viðtökuríki um nýtt tímabil þá tekur við allt að 12 mánaða ferli þar sem áherslur og köll eru mótaðar og í framhaldi af því birtast opin köll til samstarfsverkefna.




# Hlutverk Rannís

sem áætlanasamstarfsaðili - *Donor Programme Partner – DPP*

Á nýja tímabilinu mun Rannís hafa umsjón með eftirfarandi 13 áætlunum í sjö löndum (úr fjórum í fjórum löndum á seinasta tímabili):

- Pólland (Grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og nýsköpun, græn umskipti og menning)
  - Portúgal (Bláa hagkerfið og menning)
  - Tékkland (Hagnýtar rannsóknir og nýsköpun og menning)
  - Búlgaría (Staðbundin þróun)
  - Króatía (Græn umskipti)
  - Slóvakía (Menningardrifin staðbundin þróun)
  - Rúmenía (Rannsóknir og nýsköpun og hrein orkuskipti)
- 
- EES-sjóður fyrir borgaraleg samtök - *Civil Society Fund* – 10% heildarfjárframlagi sjóðsins
  - Sérstök áhersla til að takast á við afleiðingar innrásarinnar í Úkraínu: €183 mn. (þar af €100 mn. EES-megin). Framkvæmt innan viðtökuríkja sjóðsins.

# EEA Grants / Norway grants – Yfirlit yfir skipurit fjármagns og skýrslugerðar



# Árangur íslenskra aðila á seinasta tímabili

- Góð þátttaka íslenskra aðila á seinasta tímabili 2014-2021:
- 238 verkefnaaðilar tóku þátt í 431 verkefni í tólf viðtökuríkjum

Í þeim áætlunum sem Rannís var formlegur samstarfsaðili (DPP) fyrir, var góð þátttaka:

- Menntaáætlun í Póllandi: 57 íslenskir samstarfsaðilar þátt í 104 verkefnum
- Nýsköpunaráætlun í Portúgal (Blár hagvöxtur): 8 íslenskir samstarfsaðilar í 8 verkefnum
- Rannsókná- og menntaáætlun í Rúmeníu: 12 íslenskir samstarfsaðilar í 45 verkefnum
- Menningaráætlun í Tékklandi: 24 íslenskir samstarfsaðilar í 22 verkefnum

Smelltu hér til að horfa á upptöku af Uppskeruhátíð Uppbyggingasjóðs EES á Íslandi fyrir tímabilið 2014-2021

# Myndband um þátttöku íslenskra aðila á síðastliðnu tímabili Uppbyggingarsjóðs EES – hlekkur að neðan:

- [Uppbyggingarsjóður EES á Íslandi - Þátttaka íslenskra aðila 2014-2021](#)



# Atriði til að hafa í huga fyrir umsækjendur

- Uppbyggingarsjóður EES er ekki hefðbundinn alþjóðlegur samkeppnissjóður
  - Megináherslan er á viðtökuríkin sjálf en tvíhliða samstarf við aðila í gjafaríkjunum er eins mikilvægt
- Þegar köll eru skoðuð er mikilvægt að ganga úr skugga um hvort þau séu fjármögnuð af EEA Grants eða Norway Grants – íslenskir aðilar eru gjaldgengir í EEA Grants fjármagnaðar áætlanir
  - Öll opin köll eru birt á vefsvæði [Uppbyggingarsjóðs EES](#)
- Sá sem leiðir verkefnið er öllu jafnan aðili í viðtökuríki
  - Samstarf við aðila á Íslandi, Noregi og/eða Liechtenstein er ekki alltaf skilyrði
- Viðtökuríkin halda utan um framkvæmd hverrar áætlunar fyrir sig
  - Þetta getur leitt til utanumhalds sem reynist þungt í vöfum en unnið er að einföldun þegar kemur að uppgjörum
  - Áherslur innan viðtökuríkja geta breyst, t.d. verður einungis ein menntaáætlun (Tékkland) á nýja tímabilinu
  - Aðgengi íslenskra aðila að rannsókn- og nýsköpunaráætlunum er mun meira en á fyrra tímabili

# Atriði til að hafa í huga fyrir umsækjendur II

- Rannís er DPP aðilinn á Íslandi (15 í Noregi og 1 í Liechtenstein)
  - Mikilvægt að vera í góðu samstarfi við alla hagaðila á Íslandi
- Rannís mun auglýsa köll í sínum DPP áætlunum en jafnframt vekja athygli á öðrum tækifærum sem eiga sérstaklega við mögulega samstarfsaðila á Íslandi
- Það getur reynst gagnlegt að skoða styrkt verkefni frá seinasta tímabili til að finna mögulega samstarfsaðila: <https://data.eeagrants.org/2014-2021/>
- Fyrstu stóru köllin verða auglýst á næstu vikum og mánuðum - Pólland fyrst

# Tækifæri: Grunnrannsóknir í Póllandi

- **GRIEG-Bis** – opið kall innan Áætlunar um grunnrannsóknir
- **Úthlutað verður** 50 milljónum evra eða um 7 milljörðum íslenskra króna
  - Fjármagn á samstarfsverkefni: 800.000 evrur – 1.500.000 evrur
  - Verkefnatími: 36 mánuðir
- Opnað verður fyrir umsóknir í júní með umsóknarfrest í lok september
- Verkefni þurfa að falla undir a.m.k. eitt af þremur áherslusviðum Uppbyggingarsjóðs EES:
  1. Græn umbreyting / 2. Lýðræði, réttarríki og mannréttindi / 3. Inngilding og viðnámsþróttur
- Kallið er opið fyrir öll fagsvið og þemu innan áherslusviðana þriggja en sérstök áhersla er á þverfaglegar rannsóknir, norðurslóðarannsóknir og hug- og félagsvísindi
- Hver umsókn þarf að hafa verkefnisstjóra frá Póllandi og að minnsta kosti einn samstarfsaðila frá Noregi, Íslandi og/eða Liechtenstein
- Í lok árs verður opnað fyrir umsóknir fyrir **Langspil - kall** þar sem 12 m. evra (1,7 ma. kr.) verður úthlutað til þverfaglegra rannsóknarverkefna. Í sumar verður opnað fyrir Kick-off kall sem veitir undirbúningsstyrki fyrir Langspil. Verkefni styrkt undir Langspil eru á bilinu 800 þ. til 1,5 m. evra og til 36 mánaða.

*GRIEG-Bis og LANGSPIL köllin verða kynnt nánar af National Science Center Poland (NCN) í Reykjavík 21. maí og á Akureyri 22. maí*



# Tækifæri: Hagnýtar rannsóknir og nýsköpun í Póllandi

- **POLNORIS** – opið kall innan Áætlunar um hagnýtar rannsóknir og nýsköpun
- **Úthlutað verður** 70 milljónum evra eða um 10 milljörðum íslenskra króna
  - Fjármagn á samstarfsverkefni: 1.000.000 evrur – 1.750.000 evrur
  - Verkefnatími: 36 mánuðir
- Forauglýsing verður birt í júní 2026, opnað verður fyrir umsóknir í september með umsóknarfrest í desember
- Verkefni þurfa að falla undir a.m.k. eitt af þremur áherslusviðum Uppbyggingarsjóðs EES:
  1. Græn umbreyting / 2. Lýðræði, réttarríki og mannréttindi / 3. Inngilding og viðnámsþróttur
- Hver umsókn þar að hafa verkefnisstjóra frá Póllandi og að minnsta kosti einn samstarfsaðila frá Noregi, Íslandi og/eða Liechtenstein.
- Sérstaklega er hvatt til þess að umsóknir sýni fram á:
  - Þverfagleika
  - Virka þátttöku rannsakanda á fyrstu stigum ferils síns
  - Þátttöku aðila utan háskólasamfélagsins
  - Virðisaukning (e. valorisation) á niðurstöðum og samfélagslegum áhrifum rannsókna og nýsköpunar

Þessir fjórir þættir eiga jafnframt við í Áætluninni um grunnrannsóknir. Jafnframt er lagt upp úr því að stuðla að þátttöku rannsakanda sem eru á fyrstu stigum ferils síns og vísindakvenna í báðum þessum áætlunum í Póllandi

# Tækifæri: Menning í Póllandi - Aukin þátttaka í svæðisbundinni menningu og listum

- Auglýsing birt 15. júní með umsóknarfrest 30. september 2026 - verkefni til 3 ára
- Styrkir eru á bilinu €100.000-500.000, heildarúthlutun yfir þetta kall eru 3.5 milljónir evra
- Styrkhlutfall verkefna er 85% til opinbera og einkageirans en 95% til frjálsra félagasamtaka.
- Markmiðið er að styðja við aukna þátttöku í alls kyns listum og menningu, styðja við listrænt tjáningarfrelsi og byggja upp list og menningarþekkingu í dreifðum byggðum. Með áherslu á jaðarhópa hverskonar. Marghliða verkefni eru studd þe. með þátttöku mismunandi stofnana, skólar, menningarstofnanir, félagasamtök og fleiri.
- Hver umsókn þar að hafa verkefnisstjóra frá Póllandi og að minnsta kosti einn samstarfsaðila frá Noregi, Íslandi og/eða Liechtenstein.

## Þátttakendur:

- Sveitarstjórnir og undirstofnanir og opinberar mennignarstofnanir
- Listaskólar og listaháskólar
- Frjáls félagasamtök sem tilheyra menningargeiranum
- Einkafyrirtæki sem starfa í menningargeiranum
- Kall á sviði menningararfs sérstaklega verður auglýst nk. haust

# Hafðu samband við okkur

Andrés Pétursson - [andres.petursson@rannis.is](mailto:andres.petursson@rannis.is)

Egill Þór Níelsson - [egill.t.nielsson@rannis.is](mailto:egill.t.nielsson@rannis.is)

Katrín Jónsdóttir - [katrin.jonssdottir@rannis.is](mailto:katrin.jonssdottir@rannis.is)

Ragnildur Zoëga - [ragnildur.zoega@rannis.is](mailto:ragnildur.zoega@rannis.is)

Netfang Uppbyggingarsjóðs EES teymis Rannís:  
[eeagrants@rannis.is](mailto:eeagrants@rannis.is)

# Spurningar og svör

